

Persónuverndarstefna – Kjötkompaní ehf.

Síðast uppfært: 02.01.2026

1. Ábyrgðaraðili

Ábyrgðaraðili vinnslunnar er Kjötkompaní ehf.

Netfang: kjotkompani@kjotkompani.is

2. Hvaða persónuupplýsingum safnar Kjötkompaní ehf.?

Í tengslum við netverslun og viðskipti kunnum við að vinna eftirfarandi persónuupplýsingar: nafn, netfang, símanúmer, heimilisfang/afhendingarstað, pöntunar- og viðskiptasögu og samskipti vegna pantana/þjónustu.

3. Tilgangur vinnslu

Persónuupplýsingar eru unnar í eftirfarandi tilgangi: að taka við og afgreiða pantanir, að afhenda vörur, að veita þjónustu og svara fyrirspurnum, að uppfylla lögbundnar skyldur (m.a. bókhald), að senda upplýsingar um vörur, þjónustu, tilboð og fréttir (markaðssetning/póstlistar), þegar við á.

4. Lagaheimild

Vinnsla byggir á samningi (afgreiðsla pantana), lögbundinni skyldu (bókhald), lögmætum hagsmunum (þjónusta, rekjanleiki og varnir vegna ágreinings) og eftir atvikum samþykki (markaðssetning/póstlistar).

5. Hverjir fá persónuupplýsingar / miðlun

Persónuupplýsingar geta verið aðgengilegar starfsmönnum Kjötkompaní ehf. sem sinna afgreiðslu og afhendingu pantana (þ.m.t. bílstjórum), bókara/bókhaldskerfi og greiðsluþjónustuaðila (greiðslugátt) vegna greiðslu.

Ef vörur eru sendar með flutningsaðila utan höfuðborgarsvæðisins getur flutningsaðili fengið nauðsynlegar upplýsingar til afhendingar (t.d. nafn, símanúmer og heimilisfang).

Persónuupplýsingar kunna einnig að vera unnar af þjónustuaðilum sem sjá um gjafakortakerfi og tengdar viðbætur, eftir því sem nauðsynlegt er til að framkvæma þjónustuna.

Kjötkompaní ehf. selur ekki persónuupplýsingar.

6. Varðveislutími

Persónuupplýsingar eru varðveittar eins lengi og nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslu. Bókhaldsgögn eru varðveitt í samræmi við lög, að jafnaði í allt að 7 ár. Að öðru leyti eru upplýsingar eyddar eða nafnlausgerðar þegar þeirra er ekki lengur þörf.

7. Markaðssetning og póstlistar

Kjötkompaní ehf. kann að senda viðskiptavinum upplýsingar um vörur, þjónustu, tilboð og fréttir með tölvupósti og/eða SMS.

Slík vinnsla byggir almennt á samþykki viðkomandi. Einstaklingur getur hvenær sem er afturkallað samþykki sitt og/eða afskráð sig af póstlista.

Afskráning er möguleg með hlekk í markpósti eða með því að senda beiðni á kjotkompani@kjotkompani.is.

Við kunnum að nota Klaviyo sem þjónustuaðila (vinnsluaðila) fyrir útsendingar og utanumhald póstlista.

8. Gjafakort

Kjötkompaní ehf. vinnur persónuupplýsingar í tengslum við sölu, útgáfu og innlausn gjafakorta. Þetta getur m.a. falið í sér vinnslu á símanúmeri (og eftir atvikum öðrum samskiptaupplýsingum) til að framkvæma þjónustuna og senda þjónustutengd skilaboð vegna gjafakorts.

Við kunnum að nota þjónustuaðila fyrir gjafakortakerfi.

9. Réttindi einstaklinga

Einstaklingar eiga rétt á aðgangi, leiðréttingu, eyðingu (að teknu tilliti til bókhaldsskyldu), takmörkun vinnslu og andmælum eftir því sem við á.

Réttur til að andmæla vinnslu í markaðssetningartilgangi er skilyrðislaus.

10. Kvartanir til Persónuverndar

Einstaklingar geta lagt fram kvörtun til Persónuverndar ef þeir telja vinnslu persónuupplýsinga brjóta gegn persónuverndarlögum.

11. Öryggi

Kjötkompaní ehf. beitir viðeigandi öryggisráðstöfunum til að vernda persónuupplýsingar og tryggja að einungis viðkomandi starfsfólk hafi aðgang aðeins þegar þörf er á.